

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi við Bjarkavelli 1a, 1b og 1c.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 10. janúar 2012 og bæjarstjórn á fundi sínum 18. janúar 2012 breytingu á deiliskipulagi við Bjarkavelli 1a, 1b og 1c í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að fallið verði frá kvöð um námsmannaíbúðir. Íbúðum fækkar úr 101 í 76, byggingarreitir verði 4 í stað 3 og skiptist þannig að hús A verði 3 hæðir með 21 íbúð, hús B verði 5 hæðir með 25 íbúðum, hús C verði 3 hæðir með 18 íbúðum og hús D verði 3 hæðir með 12 íbúðum. Bílastæðum fækkar úr 114 í 89.

Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gögn afhent Skipulagsstofnun til varðveislu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 6. febrúar 2012,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2012